

fyrir læknisvitjun á dagvinnutíma og kr. 300 fyrir læknisvitjun utan dagvinnutíma. Heimilt er að ákveða að skírteinishafar greiði sama vitjanagjald og aðrir en fá síðan mismuninn endurgreiddann gegnum sjúkratryggingar, gegn framvísun kvittunar læknis.

Greiðsla sjúkratryggðra vegna meðferðar á glasafrjóvgunardeild Landspítalans.

5. gr.

Fyrir fyrstu meðferð á glasafrjóvgunardeild Landspítalans skal hlutdeild hjóna eða sambýlisfólks í kostnaði vera samtals kr. 105 000. Inni í þessari greiðslu felst kostnaður vegna nauðsynlegra rannsókna, lyfja og heimsókna til sérfræðinga á glasafrjóvgunardeildinni.

Fyrir aðra og þriðju meðferð skal greiða kr. 60 000 fyrir hvora meðferð.

Fyrir meðferðir umfram þrjár skal greiða fullan kostnað, kr. 200 000.

Fyrir aðrar rannsóknir á glasafrjóvgunardeild sem ekki tengjast glasafrjóvgunarmedferð skal greiða eins og um göngudeildarheimsókn og rannsóknir væri að ræða, sbr. 3. gr.

Greiðsla sjúkratryggðra á kostnaði við sjúkraflutninga.

6. gr.

Hámarksfjárhæð sem sjúklingur skal greiða fyrir sjúkraflutninga á sjúkrahús og frá sjúkrahúsi skv. 43. gr. 1. mgr. stl. i, laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. breytingu á þeim lögum nr. 87/1989 er kr. 2 400.

7. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal kynna almenningi efni þessarar reglugerðar rækilega.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og 20. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu með síðari breytingum öðlast gildi 15. janúar 1992. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 62/1990 um greiðslupátttöku sjúkratryggðra í læknishjálpi o.fl. skv. ákvæðum almannatryggingalaga nr. 67/1971 með síðari breytingum sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 187/1990.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. desember 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að afnema bann við bifreiðastöðum á Barónsstíg að austanverðu frá Skúlagötu að húsi nr. 3 við Barónsstíg.

Auglýsing þessi hefur þegar tekið gildi.

Jafnframt fellur niður auglýsing nr. 534 í Stjórnartíðindum, um að bann við bifreiðastöðum á Barónsstíg milli Hverfisgötu og Skúlagötu verði afnumið.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 6. desember 1991.

Böðvar Bragason.